

Sjálfsmatsáætlun 2012

1. Inngangur

Sjálfsmat er fastur hluti af skólastarfi í FÍV.

Á árinu 2012 verður haldið áfram á sömu braut.

Fyrir annarlök á vorönn 2012 verður gefin út ný handbók um sjálfsmatstækið.

2. Hvað á að meta?

Við sjálfsmatið eru skoðaðar fjórar víddir skv. stefnukorti skólans.

Viðskiptamannavíddin

Innri ferli

Starfsmenn/þekking UT

Fjármál

2.1 Viðskiptavinir

Kennsla verður metin í könnun sem lögð verður fyrir alla nemendur skólans í öllum námsáföngum í lok nóvember (síðustu kennsluviku haustannar). Niðurstaða þeirrar könnunar verður borin saman við kannanir frá umliðnum árum. Kennarar fá niðurstöður kennslukannana hjá aðstoðarskólameistara og skólameistara. Þar er niðurstaðan rædd. Hvað er gott og hvað má betur fara og markmið næstu anna sett fram. Kennslumatið fer fram á námsskjánum sem er það námskerfi sem notað er í FÍV. Framkvæmd kennslumatsins er í höndum áfangastjóra sem mun endurskoða könnunina og leggja til einhverjar breytingar. Niðurstöður má sjá í næstu sjálfsmatsskýrslu.

Námsárangur er metinn með hliðsjón af námsárangri síðustu anna. Þurfum að útbúa staðla til að meta árangurinn á þeim gögnum sem fast úr skólakerfinu.

Skólasókn verður metin og birt í sjálfsmatsskýrslu.

2. 2 Innri ferli.

Starfandi eru hópar sem eru að fara yfir gerð nýrrar námskrár og aðlaga skólastarfið að breyttum lögum. Verið er að vinna að nýrri framhaldsskólabraut með samstarfsskólum skólans.

Búnir verða til gátlistar til að auðvelda mat á innri ferlum, hvernig tengjast markmið skólasamnings þeim.

2.3. Starfsmenn/þekking UT

Starfsmannasamtöl eru fyrirhuguð á vorönn.

2.4 Fjármál

Í ljósi minnkaðra fjárveitinga til skólans þá þarf að skoða þessa vídd sérstaklega. Skipaður verður starfshópur sem fer yfir þau markmið sem eru í skorkorti. Kemur með hugmyndir um hvort þetta sé nægjanlegt. Í framhaldi verða markmið og aðgerðir endurskoðaðar.

3. Annað

Kennitölur skólans

Í sjálfsmatsskýrðu eru alltaf yfirlit yfir ýmsar kennitölur skólans og úrvinnsla tölfræðilegra gagna.

Setja þarf skýrari markmið varðandi þessar upplýsingar.